

**Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar**

Þetta er tíunda árið sem Listasafn Sigurjóns Ólafssonar stendur fyrir röð sumartónleika sem haldnir eru í safninu hvert þriðjudagskvöld, venjulega frá júní og fram í september. Skrá yfir alla tónleika sumarsins liggur frammi í safninu.

**Þórunn Guðmundsdóttir**  
sópran  
**Kristinn Örn Kristinsson**  
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert

Priðjudaginn 30. júní 1998 kl. 20:30

## Efnisskrá

**Pórunn Guðmundsdóttir** útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði síðan framhaldsnám í söng í Bandaríkjunum og lauk meistaragráðu frá Tónlistarskólanum í Bloomington í Indiana.

Eftir að hún kom heim frá námi hefur hún stundað margvísleg tónlistarstörf. Hún hefur komið víða fram sem einsöngvari, m.a. með Kammersveit Reykjavíkur og í konsertuppfærslu á Orfeo eftir Monteverdi. Þá hefur hún sungið einsöng með ýmsum kórum og haldið fjölda einsöngstónleika. Núna starfar Pórunn sem kennari við Tónlistarskólann í Hafnarfirði.

**Kristinn Örn Kristinsson** nam við Tónlistarskólann á Akureyri og síðar Tónlistarskólann í Reykjavík. Leið hans lá til Bandaríkjanna og lauk hann B.M. prófi frá Southern Illinois University, Edwardsville og stundaði síðan framhaldsnám í tvö ár við St. Louis Conservatory of Music.

Frá því að Kristinn kom heim frá námi hefur hann verið eftirsóttur meðleikari bæði af hljóðfæraleikurum og söngvurum. Kristinn kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Íslenska Suzuki-sambandsins.

Pau Pórunn og Kristinn hafa unnið tölvert saman á undanförnum árum, meðal annars komið fram á Gerðubergstónleikum, Háskólatónleikum og í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Komið hefur út geisladiskur þar sem þau flytja lög eftir Jón Leifs og Karl O. Runólfsson

Sigfús Einarsson  
1877-1939

Sigvaldi Kaldalóns  
1881-1946

Karl O. Runólfsson  
1900-1970

Jón Leifs  
1899-1968

Hjálmar H. Ragnarsson  
f. 1952

Gunnar Reynir Sveinsson  
f. 1933

Jerome Kern  
1885-1945

George Gershwin  
1898-1937

Ein sit ég úti á steini *Indriði Einarsson*  
Nótt *Þorsteinn Erlingsson*  
Gígjan *Benedikt Gröndal*

Betlikerlingin *Gestur Pálsson*

Dans - Vikivaki *Halldór K. Laxness*  
Hjá lygnri móðu *Halldór K. Laxness*  
Ferðalok *Jónas Hallgrímsson*

Máninn líður *Jóhann Jónsson*  
Vögguvísa *Jóhann Jónsson*

Hjá fljótinu *Hannes Pétursson*  
Yfirlýsing *Magnea Matthíasdóttir*

Barnagæla frá Nýa Íslandi  
*Halldór K. Laxness*  
Maður hefur nú *Gunnar Reynir Sveinsson*

The way you look tonight *Dorothy Fields*  
Can't help lovin' dat man of mine  
*Oscar Hammerstein II*

Lorelei *Ira Gershwin*  
The man I love *Ira Gershwin*  
I got rhythm *Ira Gershwin*

## Pýðingar

Eins og þú ert í kvöld (The way you look tonight)

Einhvern daginn þegar ég er döpur,  
þegar tilveran er köld  
mun mér hlýna við að hugsa til þín  
og hvernig þú ert í kvöld

Ó, þú ert svo yndislegur,  
með brosið svo hlýtt og mjúka kinn,  
ég get ekki annað en elskað þig  
einmitt eins og þú ert í kvöld.

Með hverju orði verður þú innilegri  
svo óróleiki minn hverfur  
og hláturinn sem hrukkar nef þitt  
hrærir heimska hjartað mitt.

Yndislegt, ekki breyta neinu  
haltu þessum töfrum  
gerðu það fyrir mig,  
því ég elska þig  
einmitt eins og þú ert í kvöld.

Ég get ekki að því gert (Can't help lovin')

Hlustaðu vina, ég elska karlinn minn og ég veit ekki hvers vegna.  
Pað er engin ástæða fyrir ást minni á honum,  
þetta hlýtur að vera eitthvað sem englarnir hafa brallað.  
Strompurinn er stíflaður, þakið lekur  
en honum stendur á sama, honum nægir smá gin til að gleðjast;  
ég elska hann jafnvæl þegar kossar hans bragðast sem gin.  
Fiskum er áskapað að synda, fuglum að fljúga,  
ég verð að elska einn mann til dauðadags,  
ég get ekki að því gert hvað ég elska hann mikið.  
Segðu mér af leti hans og heimsku,  
segðu mér hvað ég er vitlaus, - kannski veit ég það,  
ég get ekki að því gert hvað ég elska hann mikið.  
Pað rignir þegar hann fer í burtu og þegar hann snýr heim skín sólin.  
Hann má koma eins seint heim og hann vill,  
heimilið er ekkert heimili án hans.  
Ég get ekki að því gert hvað ég elska hann mikið.

Lorelei

Í fyrndinni þegar riddarar riðu um héruð  
þá segir sagan af svaka skutlu sem synti um í Rín,  
hún var með línurnar í lagi.  
Hún varð skotin í öllum sjórum,  
fiskimönnum, sjóliðum og hvalveiðimönnum.  
Hún var veik á svellinu, þeir kölluðu hana Lorelei,  
hún kom öllu í bál og brand, og ég vil verða eins og hún.

Ég vil verða eins og þessi stelpa í ánni  
sem söng til skipa sem áttu leið hjá,  
hún hafði upp á ýmislegt að bjóða hún Lorelei.  
Hún daðraði mjög sérkennilega, með allskyns hæ, hopp og hí og hei  
og ég fullvissa þig um að ég er jafn ástíðufull og Lorelei.  
Ég er svikul, ja, ja, ég hef engan hemil á mér  
ég er blóðheit, ja, ja, mig langar til að naga upphafsstafi mína  
á háls einhvers sjómanns.  
Öll sambönd hafa eitthvað við sig,  
því að ég get skaffað það sem þeir þarfnað -  
ég vil verða alveg eins og þessi gála, hún Lorelei.

Maðurinn sem ég elska (The man I love)

Pegar mildur máninn fer á stjá, hverja nótt þá vaknar hjá mér þrá  
mig dreymir þá ég fái hann að sjá sem ætlaður er mér.  
Pótt stundum virðist Paradísin læst, og ég viti að fáir draumar geta ræst  
þá segi ég þér: hann birtist mér.  
Dag nokkurn kemur hann, maðurinn sem ég elska,  
svo stór og sterkur, maðurinn sem ég elska  
og þegar hann birtist mun ég reyna að kyrrsetja hann.  
Hann brosir til mín og ég skil og eftir stutta stund tekur hann í hönd mér  
og þótt það sé út í hött þá veit ég að við munum bæði þega.  
Kannski sé ég hann á sunnudaginn eða mánudaginn, kannski ekki.  
Samt veit ég að ég hitti hann einhvern tímann,  
kannski verður þriðjudagur happadagurinn minn.  
Hann byggir lítið heimili, ætlað tveimur,  
sem ég mun aldrei yfirgefa - mundir þú gera það?  
og þess vegna bíð ég eftir manninum sem ég elska.

Ég er með hrynvitund (I got rhythm)

Dagarnir eru ljósir, lausir við sút, hver þarf á aurum að halda?  
Fuglar syngja söng sinn dag inn og dag út, hví tökum við ekki undir?  
Ég er hress allan daginn, ánægð með hlutskipti mitt.  
Hvernig stendur á því, - líttu á hvað ég á:  
Ég er með hrynvitund, ég á tónlist,  
ég hef karlinn minn, hver gæti farið fram á meira?  
Ég á fífla úti á engi, ég hef karlinn minn, hver gæti farið fram á meira?  
Erfiðleikar ei mig baga, finnast ekki nálægt mér.  
Ég á stjörnuskin, ljúfa drauma,  
ég hef karlinn minn, hver gæti farið fram á meira?